

ljósa leysir ökumann ekki frá þeirri skyldu að gera aðrar, viðeigandi ráðstafanir til þess að draga úr slysaþættu, þar á meðal að flytja ökutækið á brott svo fljótt sem unnt er.

4. gr.

3. mgr. 14. gr. orðist svo:

Á útblásturspípu hreyfils skal vera tæki, er dragi úr hávaða. Skal enda pípunnar þannig komið fyrir, að ekki valdi farþegum eða öðrum vegfarendum hættu eða óþægindum.

5. gr.

2. mgr. 16. gr. orðist svo:

Hurðarhandföng, lamir, felgulok og annar búnaður á bifreið skal þannig gerður, að vegfarendum stafi ekki hætta af.

6. gr.

IX. kafli orðist svo:

Létt bifhjól.

45. gr.

Grind léttis bifhjóls skal vera úr traustu efni og vönduð að gerð. Breidd stýris má ekki vera meiri en 70 cm.

Bifhjólið skal búið tvenns konar hemlum, er verki sjálfstætt, hvor um sig, og hvorugur eingöngu á hjólbarða. Ef afturhjólskemill verkar með því að spyrna fótstigi aftur á bak, skal hemillinn þannig gerður, að hann verki til fulls, ef fótstigið fer niður fyrir lárétta stöðu.

Á léttu bifhjóli skal vera eitt framljósker með innbyggðum búnaði fyrir háljós og lágljós. Ljósker skal tengt við rafal, en ljósaskipti komið fyrir á stýrisstöng. Stilling ljósa skal vera í samræmi við ákvæði 6. gr. Á hjólinu skal enn fremur vera ljósker fyrir rautt afturljós og rautt glitauga, sem má vera sambyggt afturljóskeri.

Á léttu bifhjóli skal vera hjalla eða eintóna horn, svo og læsingarbúnaður, er sé fastur á hjólinu.

Ákvæði 14. gr. gilda um létt bifhjól eftir því sem við á.

Óheimilt er að hafa á léttu bifhjóli búnað til farþegaflutnings.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum, nr. 26 2 maí 1958, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Dalasýslu, nr. 125 9. júní 1965.

1. gr.

Á eftir síðasta tölulið í upptalningu sýsluvega í Miðdalahreppi í 2. gr. samþykktarinnar komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

11. Hundadalsvegur:

Af Hálsbæjarvegi að Neðri-Hundadal.

Röð eftirfarandi töluliða reglugerðarinnar breytist í samræmi við þetta.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. ágúst 1966.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Norður-Múlasýslu,
nr. 234 6. október 1964.

1. gr.

Á eftir síðasta tölulið í upptalningu sýsluvega í Hlíðarhreppi í 2. gr. samþykktarinnar komi 2 töluliðir, svo hljóðandi:

12. Bakkavegur:

Um 200 metra af Hafnarvegi að Bakka í Skeggjastaðahreppi.

13. Grófarselsvegur:

Um 700 metra af Grófarselsvegi að nýbýli í landi Grófarsels í Hlíðarhreppi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mál.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. ágúst 1966.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Rangárvallasýslu,
nr. 154 12. september 1941.

1. gr.

44. gr. orðist svo:

Foreldrum og öðrum hlutaðeigandi er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almanna-færi.

Unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að almennum dansstöðum. Þeim er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir klukkan 20 nema í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á þeim.

Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglingar fái ekki aðgang né hafist þar við fram yfir það, sem leyfilegt er.